



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi

Erindi nr. Þ 131/1119

komudagur. 22.3.2005

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. mars 2005
Tilvísun: 2005030004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárpörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárpörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Alþýðusambandið hefur oft bent á mikilvægi þess að Samkeppnisstofnun verði tryggt nægilegt fjármagn til þess að stofnunin geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

Á liðnum árum hefur stofnunin fengið til úrvinnslu bæði stór og flókin mál sem tekið hafa mikinn tíma og fjármagn. Verulega hefur skort á að stofnunin hafi haft bolmagn til að klára þau verk á eðlilegum tíma eða getað sinnt ýmsum öðrum verkefnum með eðlilegum hætti.

Þetta hefur haft í för með sér ýmsar óæskilegar afleiðingar. Úrvinnsla mála hefur stundum tekið það langan tíma að Samkeppnisstofnun hefur ekki talið stætt á að sekta fyrirtæki, þrátt fyrir að stofnunin hafi talið þau sek um brot, sökum þess hve rannsókn tók langan tíma. Fyrirtæki sem sætt hafa rannsókn hafa þurft að bíða lengi eftir niðurstöðu. Slík bið getur valdið þeim verulegum skaða.

Þegar upp er staðið eru það neytendur sem skaðast ef Samkeppnisstofnun getur ekki sinnt öfluggu og virku eftirliti með viðskiptalífinu.

Alþýðusambandið telur því æskilegt að fram fari vönduð úttekt á fjárpörf Samkeppnisstofnunar.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ



Alþingi
Erindi nr. P 131/1042
komudagur 11. 3. 2005

Félag löggiltra endurskoðenda

Reykjavík 3. mars 2005
Tilv. FLE 12-2005

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um fjáðörf Samkeppnisstofnunar,
54. mál.**

Með bréfi dags. 28. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
formaður

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 131/1128
komudagur 30.3.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Stefán Árna Auðólfssonar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

22. mars 2005


Tilvísun: 2005030003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjárförf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 28. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjárförf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.


Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugasemdir fram að færa við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnr Hafliðason

Alþingi
Erindi nr. P 131/1154
komudagur 5.4. 2005

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 31. mars 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárpörf Samkeppnisstofnunar. 131. löggjafarþing 2004–2005. Þskj. 54 - 54. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 28. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Laganefnd félagsins hefur haft tillöguna til skoðunar. Telur nefndin að þar sem málið sé pólitískt eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi

Erindi nr. P 131/1043

DAGSETNING
komudagur 11.3 2005 LÖSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2005 2005030007

Með bréfi dags. 28. febrúar sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjárförf Samkeppnisstofnunar, 54 mál.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við tillögu þessa.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri